



## Fundur í skipulags- og umhverfisnefnd

**27. fundur skipulags- og umhverfisnefndar Langanesbyggðar haldinn í Þórsveri á Þórshöfn þriðjudaginn 8. desember 2020. Fundur var settur kl. 16:00.**

Mættir voru: Josteinn Hermundsson formaður, Kristján Úlfarsson, Hallsteinn Stefánsson, Aðalbjörn Arnarsson, Karl Ásberg Steinsson og Jónas Egilsson sveitarstjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þorsteinn Ægir Egilsson formaður Björgunarsveitarinnar Hafliða var mættur undir lið 1 á fundinum.

Formaður setti fund og stjórnaði. Hann spurði hvort athugasemd væri gerð væri við fundarboð og viðbótarlið við dagskrá. Svo var ekki og var gengið til dagskrár.

### Fundargerð

#### 1. Húsnæðis- og lóðamál Björgunarsveitarinnar Hafliða

Þorsteinn Ægir Egilsson mætti á fundinn og kynnti byggingaráform björgunarsveitarinnar.

#### 2. Hafnartangi á Bakkafirði deiliskipulag

Hafnartangi á Bakkafirði – áningarstaður við ysta haf, deiliskipulag, var auglýst frá 6. október 2020 með athugasemdarfresti til 24. nóvember 2020 í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Umsagnir og athugasemdir bárust frá sex aðilum. Úrdráttur úr innsendum athugasemdum og svör skipulags- og umhverfisnefndar eru í skjalinu „*Bakkafjörður-Hafnartangi-Athugasemdir og svör.*“

*Bókun um afgreiðslu:* Skipulags- og umhverfisnefnd fellst á að breyta tillögunni til að koma til móts við athugasemdir um ásýnd byggðarinnar á Hafnartanga. Deiliskipulagsákvæðum verði þannig breytt að bygging nýrra húsa eða enduruppbygging eldri húsa á Hafnartanganum taki mið útliti og gerð af svonefndum Magnúsarhúsi og Halldórshúsi. Nefndin samþykkir að öðru leyti framlagða tillögu og vísar henni þannig breyttri til endanlegrar afgreiðslu sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.

#### 3. Umsókn um byggingarleyfi fyrir útsýnispall á Bakkafirði – Við ysta haf

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi á útsýnispalli á Bakkafirði frá Faglausn, dags. 3. desember 2020, ásamt teikningum og öðrum gögnum.

*Bókun um afgreiðslu:* Nefndin samþykkir byggingu útsýnispallsins fyrir sitt leyti, enda sé deiliskipulag fyrir Hafnartangan samþykkt.



Samþykkt samhljóða.

#### 4. Langanesvegur 2 - byggingarleyfisumsókn

Lögð fram umsókn frá BJ vinnuvélum um byggingarleyfi, ásamt teikningum, fyrir íbúðir 104, 105 og 106 við Langanesveg 2 á Þórshöfn. Byggingarstjóri er Jón G. Traustason, húsmíðameistari er Jóhannes Jónasson, pípulagningameistari er Hallgrímur Sigurðsson og rafvirkjameistari er Guðmundur E. Sk. Traustason. Einnig er lögð fram skráningartafla fyrir húseignina Langanesvegur 2.

*Bókun um afgreiðslu:* Nefndin samþykkir framlagðar teikningar fyrir sitt leyti. Ekki er metin að þörf sé á grenndarkynningu.

Samþykkt samhljóða.

#### 5. Önnur mál

**5.1.** Umsókn, Elfu Benediktsdóttur, dags. 8. desember 2020, um stöðuleyfi fyrir 14,4 m<sup>2</sup> garðhýsi á lóðinni Pálmholt 15. Einnig er sótt um leyfi fyrir glugga á austurstafn hússins í eldhúsi, 1,21 x 90,5 cm.

*Bókun 1 um afgreiðslu:* Nefndin samþykkir heimild til húseigenda að Pálmholti 15 á Þórshöfn að reisa allt að 14,4m<sup>2</sup> garðhýsi á lóðinni og húsið nái allt að 3 m í austur út fyrir lóðarmörk Pálmholts 15, skv. nánara samtali formanns við húseigendur. Þetta samþykkt með skilyrði að umræddur lóðarhafi fjarlæggi garðhýsið á eigin kostnað komi til framkvæmda á lóð eða svæði fyrir austan.

Samþykkt samhljóða.

*Bókun 2 um afgreiðslu:* Umsókn leyfi breytingum á húsi vegna glugga á austurstafni hússins.

Samþykkt samhljóða.

**5.2.** Kynning á hugmyndum um vindorkuver í landi Eiðis I & II og Ártúns, erindi dags. 11.11.2020, frá Katli Sigurjónssyni framkvæmdastjóra Zephyr Ltd. Erindinu var vísað til nefndarinnar á 32. fundi byggðaráðs 3. desember sl.

*Bókun um afgreiðslu:* Sveitarstjóra falið að boða til kynningu á verkefninu fyrir skipulags- og umhverfisnefnd.

Samþykkt samhljóða.

**5.3.** Innsent erindi frá verkfræðistofunni Eflu, dags. 20.10.2020, Vindorkuver á Hólaheiði. Erindið lagt fram.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:15.